

**Sþ.**

## **805. Nefndarálit**

um till. til þál. um hlutfallslega lækkun á kaupi, launum og islenskum afurðum á innlendum markaði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Sjötta nóvember 1945 var tillögu þessari útbýtt á Alþingi, og 20. sama mánaðar var henni vísað til allsherjarnefndar.

Þar hefur hún ekki fengizt afgreidd. Þar sem senn liður að þinglokum og ég tel mikilsvert, að málið fái þinglega meðferð og sé ekki stungið undir stól, skila ég séráliti um það, ef það mætti verða til þess, að nefndin þá vaknaði og gerði skyldu sína.

Það vita allir, að verðbólgan í landi hér hefur gert framleiðslukostnað á öllum okkar framleiðsluvörum það háan, að þær verða að seljast fyrir hærra verð en sams konar vörur framleiddar í öðrum löndum. Undir umræðum um fjórða mál efri deildar lýsti fjármálaráðherra því yfir í báðum deildum, að hann væri því meðmæltur, að gerð væri „tilraun í þessa átt“, þá hann teldi, að ekki bæri að setja ákvæði um nefnd í þessu skyni inn í það frumvarp, er þá var til umræðu.

Ég vil því gefa honum og öðrum, sem eins kunna að hafa hugsað, tækifæri til að koma nefnd á fót, án þess að það sé gert í sérstökum lögum, og því legg ég til, að þáltill. sé orðuð um og samþykkt með þessari

### **BREYTINGU.**

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, þannig að hagstofustjóri sé sjálfkjörinn, en hinir fjórir nefndarmennirnir séu kosnir af sameinuðu Alþingi, einn frá hverjum flokki. Nefndin skal gera tillögu um lækkun dýrtiðar í landinu með þátttöku allra þjóðfélagsstétta, meðal annars með lækkun á verði innlendra neyzluvara, lækkun kaupgjalds, verzlunarkostnaðar, farmgjalda, byggingarkostnaðar og iðnaðarvara.

Þá skal nefndin einnig gera tillögur um sérstakt eignaframtal allra skattþegna og á hvern hátt og að hve miklu leyti skuli taka stórgróða stríðsáranna til almenningsnota með sköttum.

Nefndin getur ráðið sér sérfróða aðstoðarmenn eftir þörfum. Hún skal hafa skilað áliti til ríkisstjórnarinnar fyrir 14. ágúst 1946. Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 13. apríl 1946.

Páll Zóphóniasson.